



FIARÐABYGGÐ

# Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027

## Þéttbýlisuppdráttur fyrir Norðfjörð

### Norðfjarðarhöfn

ÚTDRÁTTUR ÚR GREINARGERÐ - dags. 3. júní 2015 en tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu í sérhefti.

#### Inngangur

Fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi og stækka hafnarsvæðið á Norðfirði með landfyllingu. Stækkunin er ætluð fyrir hafnarstarfsemi. Breytingin nær til þéttbýlisuppdráttar aðalskipulags Fjarðabyggðar fyrir Norðfjörð en þar yrði svæði H1, hafnarsvæði stækkað og viðeigandi breyting gerð í greinargerð. Innan stækkunarinnar er gert ráð fyrir landfyllingu og innri höfn.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður gerð tillaga að breytingu á deiliskipulagi hafnarinnar: „Naust 1 - Norðfjarðarhöfn og nágrenni“ sem samþykkt var í sveitarstjórn 21.3.2013. Þar yrði höfnin stækkuð með 26.350 fermetra landfyllingu og landnotkun á uppfyllingunni skilgreind frekar á uppdrætti og í greinargerð.

#### Forsendur

Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Norðfjarðarhöfn. Innan núverandi hafnar er ekki auðvelt að koma fyrir starfsemi með góðu aðgengi að hafnarkanti en sveitarfélagið hefur áhuga á að bjóða upp á slíkar lóðir. Einhverjir möguleikar eru á núverandi hafnarsvæði en þröngt um þá. Meginmarkmið breytingar á aðal- og deiliskipulagi er að geta boðið upp á nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi með greiðu aðgengi að hafnarkanti.

Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki. Aðkoma að svæðinu yrði um Landanaust og á milli lóða 45 og 51 við Naustahvamm. Á lóðum við Naustahvamm 53, 55 og 57 eru lýsis- og oliutankar, á lóð nr. 51 er söfnunarstöð fyrir sorp til förgunar og endurvinnslu og á lóð við Naustahvamm 45 er geymsluhúsnæði.

#### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Breyting á afmörkun hafnarsvæðis. Á hluta svæðissins er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu. Ný landfylling verður gerð norðaustan við Landanaust til móts við Naustahvamm 51 - 57. Landfyllingin er ætluð 26.350 fermetrar að flatarmáli og um 218.200 rúmmetrar. Gengið verður frá landfyllingu með stálkanti sem mun ná niður á -10 m dýpi. Gert er ráð fyrir að efni í landfyllingu verði fengið frá fjórum stöðum, tveimur á landi og tveimur í sjó. Á landfyllingu er gert ráð fyrir lóðum undir hafnarstarfsemi, en nánar er gerð grein fyrir starfsemi og skilmálum í deiliskipulagsbreytingu sem er kynnt og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu.

#### Málsmeðferð

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulags- og matslýsingar. Lýsingin var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Hún var jafnframt auglýst í Dagskrá og Austurglugganum og á vef Fjarðabyggðar. Engar athugasemdir bárust vegna lýsingarinnar. Tillögur að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á vinnslustigi voru kynntar samtímis að lokinni umfjöllun í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 23. febrúar 2015.

#### Umhverfisáhrif (útdráttur úr umhverfisskýrslu)

Umhverfisáhrif: Líkur eru á því að stækkun hafnarsvæðis Norðfjarðarhafnar með landfyllingu og grjótnargarði hafi nokkuð neikvæð áhrif á landslag þar sem mannvirki koma í stað hafflatar. Áhrif á lífríki eru óviss og áhrif á öryggi eru hlutlaus.

#### Samþykkt og staðfesting:

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2015

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 2015



Gildandi aðalskipulag, staðfest 24. ágúst 2009 m.sbr.

Mkv. 1:10.000




Tillaga að breytingu, dags. 3. júní 2015

Mkv. 1:10.000

#### SKÝRINGAR

- Hafnarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Opið svæði til sérstakra nota
- Flugvallarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Þjóðminjavendarsvæði
- Þéttbýlismörk
- Aðalgata
- Svæði undir náttúruvá - Jafnáttaulína svæði A
- Svæði undir náttúruvá - Jafnáttaulína svæði B
- Svæði undir náttúruvá - Jafnáttaulína svæði C



Svæðið sem breytingin nær yfir

Verk: S1079-001-U03	FJARÐABYGGÐ Tillaga - Aðalskipulagsbreyting Hafnarsvæði - Norðfjörður	Alta ehf Ármúla 32 108 Reykjavík alta@alta.is www.alta.is
Blaðskrá: 10-01	Mælikvarði: 1:10.000 @ A2	Teiknað/Yfirfarið HA, HÁ / HB
Dags: 3.06.2015		